

Opíð bríef,

Nr. 82
1. desbr.

er stefnir saman alþingi til aukafundar 5. febrúar 1920.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Vjer höfum allramildilegast ákveðið, að Alþingi skuli koma saman til aukafundar fimtudaginn 5. febrúar 1920, og viljum Vjer um þing-tímann allramildilegast kveða svo á, að aukapíng þetta megi setu eiga meðan þarfnast.

Um leið og Vjer birtum þetta vorum kæru og trúu þegnum á Íslandi, bjóðum Vjer öllum þeim, er setu eiga að hafa á tjeðu Alþingi, að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þar þá sett Alþingi, eftir að guðspjónustugjörð hefir farið fram í dómkirkjunni.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaluborg, 1. desember 1919.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R

(L. S.)

Jón Magnússon,